



Aðalfundur Geitfjárræktarfélags Íslands 24.október 2020
Fjarfundur.

Fundur settur kl. 15:05. Til fundar voru skráðir 14 manns.

1. Formaður Anna María Flygenring (AMF) setur fundinn og stingur upp á Guðmundir Frey Kristbergsson sem fundarstjóra og Önnu Maríu Lind sem fundarritara. Fundurinn samþykkir.
2. Formaður flytur skýrslu stjórnar. Sjá meðfylgjandi skýrslu.
3. Gjaldkeri Guðni Ársæll Indriðason (GÁI) skýrir reikninga félagsins. Sjá meðfylgjandi ársreikninga.
4. Umræður um skýrslu stjórnar og og reikninga félagsins.
5. Reikningar bornir undir atkvæði og samþykktir.
6. Árgjald óbreytt; samþykkt 6500 krónur + 250 kr bankagjald.
7. Umræða og afgreiðsla tillagna:

GÁI kynnir eftirfarandi tillögu: Aðalfundur GFFÍ samþykkir að tilnefna amk 4 aðila úr röðum geitabænda til að vinna að matreiðslubók fyrir geita afurðir. Bókin verði á rafrænu formi og frjáls aðgangur almennings að henni á vef GFFÍ.

Greinargerð:

Íslendingar þekkja lítið til kiðakjöts meðferð og eldunar. Því er mikilvæg að koma á framfæri uppskriftum og leiðbeiningum um meðferð kiðakjöts til að hámarka upplifun fólks á þessari vöru.

Dominique Pledele Jónsson(DPJ), Jóhanna Bergmann Þorvaldsdóttir (JBP) og Sif Matthíasd, (SF) bjóða sig fram. GÁI bendir á Lovísu Rósu Bjarnadóttur (LRB) sem samþykkir að vera í nefndinni. Nefndin mun kalla til Sigrúnu H Indriðadóttur.

DPJ bendir á Svein Kjartansson núverandi matreiðslumann Seðlabankans og mun hafa samband við hann. Væntanlega haft samband við fleiri listakokka þegar nefndin tekur til starfa.

Fundurinn samþykkir tillöguna.

GFK: Metnaðarfullt verkefni sem væri líklega hægt að sækja styrki fyrir t.d. Matvælasjóðurinn.

DPJ: bendir á að spjalla við Matarauð Íslands en hann mun hætta um áramót og eiga kannski peninga eftir.

8.Kosningar samkvæmt 4. grein:

4. gr.

Stjórn GFFÍ fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður, varaformaður, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi. Formaður skal kosinn á hverjum aðalfundi, en aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til þriggja ára í senn. Stjórn skiptir með sér verkum. Þá skal einnig kjósa á aðalfundi tvo varamenn og tvo skoðunarmenn reikninga félagsins til tveggja ára í senn, skulu þeir kosnir sitt árið hvor. Formaður er fulltrúi félagsins á búnaðarþingi, en kjósa skal varamann á aðalfundi til þriggja ára í senn.

Stjórnarmenn sem að ganga út á þessum aðalfundi:

Formaður til eins ár Anna María Flygenring.

Meðstjórnandi til tveggja ára Anna María Lind Geirsdóttir, ritari

Meðstjórnandi til tveggja ára Guðni Ársæll Indriðason, gjaldkeri

Varamaður til tveggja ára Guðmundur Freyr Kristbergsson

Skoðandi reikninga; Magnús Kristjánsson.

Í framboði til formanns í eitt ár; Anna María Flygenring. Fundurinn samþykkir.

Aðalstjórn:

Þorsteinn Þorsteinsson býður sig fram til 2 ára fundurinn samþykkir.

Guðni Ársæll Indriðason býður sig fram til 2 ára fundurinn samþykkir.

Guðný Ívarsdóttir áfram 1 ár

Birna K. Baldursdóttir áfram 1 ár

Varamenn:

Halla Sigríður Snjólfsdóttir býður sig fram til tveggja ára.

Sif Matthíasdóttir býður sig fram til tveggja ára

Kosið var til varamanns: Sif Matthíasdóttir sigrar kosninguna með meirihluta.

Bettína Wunsch; áfram til eins árs

Skoðunarmenn reikninga:

Magnús Kristjánsson býður sig fram til tveggja ára, fundurinn samþykkir.

Vilhjálmur Grímsson áfram 1 ár.

Fulltrúi á Búnaðarþing: Formaður Anna María Flygenring.

Varafulltrúi á Búnaðarþing til þriggja ára; Guðni Ársæll Indriðason áfram í tvö ár

Formaður þakkar AML fyrir störf. AML lýsir yfir vilja að halda áfram að sinna heimasíðu og samfélagsmiðlum félagsins.

9. Önnur mál.

DPJ: Slow food, hvernig nýta best fyrir geitina. Þarf að endurskoða og nýta merki Slow food á vörur. 8 aðilar samþykktir í presidium á sínum tíma. Sá hópur má og þarf að stækka. Skrifa undir að vera í community/félagsskapur Slow Food merkisins. Efni hefur verið sent til Jóhönnu B Þorv, Sifjar Matthíasd og Önnu Maríu Flygenring.

DPJ hefur verið í sambandi við Óla Reykdal og Óla Þór hjá Mátis vegna þessa og Ólaf Ragnar Dýrmundsson um hvernig best að ná skilyrðum slow food merkis og viðurkenningu þá sem því fylgir fyrir afurðirnar.

Þarf að samþykkja hóp innan GFFÍ sem starfar að lýsingu/protocol á sem inniheldur skilyrði frá Slow food og þeir sem vilja vera með þurfa að samþykkja þau. Það verður Slow food community/félagsskapur geitfjárbænda sem framleiða geitaafurðir.

Styrkur frá erfðanefnd um gera Slow Food merkimiða sem innihalda sögu geitarinnar og kynningu á ræktandann og með slow food snigilinn, lógóið á miðanum.

Komin reynsla af landnámsþænni, frumvinnu lokið. Eru fyrstu sem fara þessa leið inn í Slow Food á heimsvísu.

Ólafur R Dýrmundsson (ORD): Meðal reglna þá er bannað að nota vothey vegna ótta við listeríu (hvanneyrarveiki) sem spillir ostagerð. Mest allt hey hérlendis rúllað. Hægt að komast framhjá því með haylage þ.e. vothey með háu þurrefni sem er millistig votheys og þurrheys.

Sjúkdómavarnir, sníkjudýravarnir og annað sem þarf að skoða og gera reglur um. Fyrst skoða það sem DPJ sendi til JBÞ, AMF og SM

Slow food leiðtogar eru nákvæmir, best að vinna lýsinguna vel frá upphafi þarf að senda til yfirlesturs hjá Slow Food.

ORD stingur upp á að farið verður yfir efnið frá DPJ sem fyrst og hún er tilbúin til að aðstoða. Hægt er að senda áfram til fleiri sem myndu vilja vera með. Ekki aðeins bundið við mat heldur getur geitafiðan komið þar undir líka og hornin og fleiri afurðir.

Slow Food telur að besta leiðin til að styrkja búsfjárstofna sem eru hætt komnir sé að skepnurnar séu nýttar og afurðir þeirra séu arðbærar, ekki hafa sem dýragarðsdýr.

JBÞ: Slow food hefur skilning á að hér á landi þarf t.d. að nota tilbúinn áburð til að fá uppskeru og besta leiðin í hetskap sé að heyja rúllur, því heyjið er þurkað áður en það er sett í plastið.

DPJ: Slow Food kerfið er opnara en við fyrstu sýn. Hvetur þá sem vilja taka í Slow Food verkefninu að senda sér upplýsingar og athugasemdir sem fyrst svo hægt sé að hefja vinnuna við umsóknarferlið.

ORD: Slow FoodF vilja helst lífræna buskapahætti, en það er samt ekki afar skilyrði. Afarskilyrði er óerfðabætt fóður, en það er sama sem ekkert um erfðabætt fóður hér á landi. Best að þeir sem vilja vera í Slow Food spjalli saman sem fyrst

Lovísa Rósa Bjarnadóttir lýsir yfir vilja að vera þátttakandi í Slow Food.

AMF : Það er tekið fram að megi ekki vera annar búskapur á bænum.

ORD : Umsóknin verður trúlegt plagg með innlegg frá geitabændum og þeim aðstæðum sem hér eru skiptir máli og það mun verða lagt fyrir Slow Food stjórnina.

Við á Íslandi uppfyllum mörg skilyrði Slow Food en mörg er ekki hægt að uppfylla. Eitt dæmi er um lausagöngu bufjár allan ársins hring en það tíðkast ekki hér t.d. með geitur annað dæmi gæti verið blandaður búskapur á búi Slow Food tekur tillit til aðstæðna í hverjum heimshluta eða landi.

Stefanía : Hvað um að taka sýni úr rúllunum og láta mæla. ORD: Ekki nema Slow Food krefjist þess og ef vafi er á þurrefnis magni í heyji.

DPJ og ORD: Hægt að vísa í rannsóknir sem eru reglulegar á heyjum hér.

ORD: Hvað voru tekin sæði úr mörgum höfrum?

BKB: Tekið úr 8. Kom ekkert úr Möðrudaldshöfrunum og ekki hægt að frysta úr einum

AMF: Sláturmálin voru rædd á kynningarfundum Matís. Stjórn mun tækla málið og reyna að fá endurbætur í sláturmálunum. Heiðrún er enn vandamál: +kið eru lömb og hafrar hrútar. Búið að tala við RML og Eyþór Einarsson ráðunaut í geitfjárrækt. Það er vitað af vandanum.

ORD: Lýsir yfir ánægju með starf GFFÍ. Leitt að fækki í stofninum en það hefur fjölgað. Sárt að geiturnar falla með í riðurniðurskurði aldrei komið upp riða í íslenskri geit. Yfirvöld telja þetta eina leiðin. Niðurskurður vegna mæði og riðu hefur hoggði mikil skörð í geitastofninn. Gott skýrsluhald skiftir miklu máli til að halda utanum sjúkdómasögu. Væri gott að stjórn GFFÍ hafi samband við MAST og ræði þetta. Það eru margar geitur sem munu falla Austan vatna í Skagafirði nú þegar riða hefur greinst á Stóru-Ökrum.

AMF: Hringdi í héraðsdýralækni Skagafirði um hvað verði. Sýni tekin úr geitum sem voru sendar í slátrun.

GÁI: Riðurveiki hefur ekki greinst í íslenskum geitum er hægt að rannsaka þetta? Getur félagið beitt sér fyrir því.

BKB: talið að geitur gætu verið smitberar. Ekki vitað.

ORD: Fullyrt að geitur geti verið smitberar engar sannanir fyrir því sama með mæðuveiki. Styður Guðna alfarið. Stingur upp á að Ræða við Sigurð Sigurðarson um þetta. Hægt að nýta tækifærið að taka sýni úr geitunum í Skagafirði núna.

GÁI: Geitin skyldari hreindýri en sauðum, hvað um þá hreindýr eru þau smitberar? Hvað um kýrnar? Þetta eru allt klaufdýr?

ORD: Önnur riða í kúm en eru þær smitberar sauðfjárriðu?

Ekki þekkt að geitur hafi tekið mæðuveiki, hvorki vota né þurra og ekki heldur visnu, aldrei verið sannað. Stingur upp á að stjórn GFFÍ stingi upp á rannsóknarverkefni vegna, riðu og mæðuveiki í geitum.

1. Geta geitur fengið nor98 riðuna?

2 Eru geitur smitberar riðu?

3 Arfgerðagreining

Bettin Wunsch (BW): Sá í spjalli að sumar kindur beri gen og veikist frekar af riðu, eru til rannsóknir?

AMF: Það til verndandi arfgerð gegn riðu. Geitur og sauðfé frá fornu fari talin saman. Fordómar gegn geitum, þær hafa ekki verið viðurkenndar sem húsdýr hér á landi.

ORD: íslenski sauðastofninn ekki með verndandi arfgerð gegn riðu. Önnur riða sem hegðar sér öðruvísi, sem ræðst á sauðfjárstofna með verndandi arfgerð. Það væri mikilvægt að rannsaka hafrana sem koma á Hafrasæðingastöðina hvort þeir séu með verndandi gen gegn riðu og hvort þeir séu smitberar. Gera arfgerðagreiningu.

JBP: Riða í geitum óþekkt erlendis, hefur þetta eftir geitabændum sem hún þekki t.d. Bretlandi og Noregi. Geitur 56 litninga en sauðfé 60 sem undirstrikar að þetta er ekki sama tegundin. Geitur fá ekki nærri alla sömu sjúkdóma og sauðfé.

GÁI stingur upp á að formaður boði stjórnarfund með Sigurði Sigurðarsyni dýralækni.

BW: Koma af stað umfjöllun í fjölmiðlun um geitur og riðu.

JBP: Sigurður Sigurðarson dýralæknir kom með geitasjúkdóma handritið til yfirlesturs hjá henni nú góður tími að ræða við hann um riðuna.

Stefanía Sigurðardóttir: Eigum við að athuga við sláturhúsin hvort þau geti tekið geitur til slátrunar hvenær sem er á árinu, rétt eins og nautgripi og hross?
Hvers vegna þurfa geitur að fylgja sauðfénu í sláturtíð þar sem að flest húsin amast við að hafa þær með á sláturlínunni, enda passa þær ekki þar vegna mjög ólíkra fláningsseiginleika.
Það er vitað að geitur á Íslandi hafa aldrei greinst með riðu, aldrei með tannlos og aldrei með hornátu. Er hugsanlegt íslenski stofninn sé með genasamsetningu sem tekur ekki við þessum sjúkdómum?

JBP: Það þarf að komast að samkomulagi við sláturhús, sömu reglur um land allt.

GFK fundarstjóri þakkar fyrir góðan fund. Tæknin gerir fleirum mögulegt að taka þátt í stjórnar- og fundasetum.

Fleiri kveða sér ekki hljóðs

Fundi slitið kl. 17.00

Fundinn sátu:

Anna María Flygenring
Anna María Lind Geirsdóttir
Bettina Wunsch
Birna Kristín Baldursdóttir
Dominique Plédel Jónsson
Guðmundur Frey Kristbergsson
Guðni Ársæll Indriðason
Jóhanna B Þorvaldsdóttir
Lovísa rós Bjarnadóttir
Ólafur R Dýrmundsson
Sif Matthíasdóttir
Stefanía Sigurðardóttir
Þorbjörg Ásbjörnsdóttir
Þorsteinn E. Þorsteinsson



Ársskýrsla stjórnar Geitfjárræktarfélags Íslands 2019- 2020

Flutt á 29. aðalfundi GFFÍ 24.október 2020 á rafrænum fundi á Zoom.

Stjórnin var skipuð eftirfarandi: Anna María Flygenring kosin formaður á aðalfundi 23.mars 2019, Anna María Lind Geirsdóttir ritari, Guðni Ársæll Indriðason gjaldkeri, Birna K. Baldursdóttir og Guðný Ívarsdóttir meðstjórnendur. Varamenn eru Bettina Wunsch og Guðmundur Freyr Kristbergsson.

Fjöldi geita 2019 eru samkv. Hagstofu Íslands 1471 á 117 búum og er það fækkun um 17 gripi.

Stjórnin hélt áfram undirbúningi fyrir Dag geitarinnar 26.maí í Húsdýragarðinum í samvinnu við starfsfólk þar. Anna María Lind sá um að láta gera refil eða borða með fróðleikstexta frá Birnu og myndum og gerði líka stór spjöld með örnefnum. Geitabændum var boðin þátttaka á söluborði. Jóhanna B. Þorvaldsdóttir hélt fyrirlestur og bauð smökkun á ýmsum afurðum geitanna. Einnig var boðið að smakka kjöt frá Keldudal og rúllupylsur frá Háhóli. Anna María Lind sýndi geitakembingar.

Í apríl var birt viðtal við formann í Bændablaðinu og Ólafur Reykdal sendi einblöðunga frá Matís verkefninu, sem eru til notkunar fyrir alla geitabændur. Geta þeir prentað út og notað sem kynningarefni. Á vegum Matís er einnig í gangi vöruþróunarverkefni, sem fimm geitabændur taka þátt í.

Í september var haldinn stjórnarfundur í Hafrastöðinni í Þórulág, en unnið var hörðum höndum í sumar við tiltekt, málun, smíðar og allt tilheyrandi. Birna K. var verkstjóri og Guðni sá um verklegar framkvæmdir að miklu leyti. Boðið var til opunarhátíðar þ.27.september, félagið sá um veitingar og Jóhanna á Háafelli kom með sitt góðgæti. Fremur fámennnt var en þetta er stórmerkur áfangi í sögu félagsins. Í október fóru Birna og Jóhanna á Háafelli í leiðangur að sækja hafra, sem búið var að panta og sæðistaka hófst eftir blóðsýnatökur í desember. Vísast í skýrslu Birnu um stöðina fyrir nánari upplýsingar.

Ýmis mál tengd Bændasamtökum Íslands koma inn á borð stjórnar og hefur formaður að mestu sinnt þeim erindum, þar á meðal eru mætingar á fundi um félagskerfi landbúnaðarins en þar eru miklar breytingar á döfinni. Haldið var Búnaðarþing 2. og 3. mars og mætti formaður þar. Auk þess berast tölvupóstar um mál eins og Heiðrúnu og fyrirspurnir um geitur á Íslandi frá háskólanema á Ítalíu svo að dæmi sé tekið um fjölbreytnina.

18.febrúar var haldinn stjórnarfundur og festur tími fyrir aðalfund og samhliða átti að halda kynningu Matís að verkefnum sem unnin hafa verið með GFFÍ. En eins og alþjóð veit brast á Covid 19 og talið best að fresta öllum fundum og mannamótum.

Sumarið leið og geitur gengu um haga og fjöll, stjórn var að byrja að taka við sér með frestaðan aðalfund, en hvað gerist ...aftur Covid ástand!

Stjórn ræddi möguleika á fjarfundi og lýkur þar með skýrslu þessari.

Fyrir hönd stjórnar

Anna María Flygenring formaður.

GEITFJÁRRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS



ÁRSREIKNINGUR 2019

Áritun stjórnar

Stjórn Geitfjárræktarfélagss Íslands staðfestir hér með og samþykkir ársreikning fyrir Geitfjárræktarfélagss Íslands fyrir árið 2019.

Hlíð 15.03.2020

Anna María Flygenring - formaður

Laufbrekku 15.03.2020

Guðni Ársæll Indriðason - gjaldkeri

Reykjavík 15.03.2020

Anna María Lind Geirsdóttir - ritari

Áritun skoðunarmanna

Meðfylgjandi ársreikningur 2019 fyrir Geitfjárræktarfélagss Íslands er saminn eftir bókum félagsins, sem við höfum skoðað.

Ársreikningurinn er rekstrarreikningur ársins 2019 og efnahagsreikningur 31.12.2019.

Við skoðunina gerðum við þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum sem við töldum nauðsynlegar. Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi, miðað við góða reikningsskilavenju, glögga mynd af starfsemi félagsins á árinu 2019 og efnahag þess hinn 31. desember 2019.

Rauðá 15.03.2020

Vilhjálmur Grímsson - skoðunarmaður

Snorrastöðum 15.03.2020

Magnús Kristjánsson – skoðunarmaður

Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýringar	2019	2018
<u>Rekstrartekjur</u>			
Félagsgjöld 2018.....		299.000	364.000
Seðilgjöld.		11.500	14.000
Aðrar tekjur.....		36.000	30.094
Sæðingarstöð.....		2.393.189	2.336.408
		<u>2.739.689</u>	<u>2.744.502</u>
<u>Rekstrargjöld</u>			
Félagsgjald Landbúnaðarklasans.		0	20.000
Annar rekstrarkostnaður.....	1	953.355	400.680
		<u>953.355</u>	<u>420.680</u>
<u>Rekstrarhagnaður (tap)</u>		1.786.334	2.323.822
<u>Fjármunatekjur og (fjármunagjöld)</u>			
Vaxtatekjur.....		2.035	398
Fjármagnstekjuskattur.....		-447	-87
		<u>1.588</u>	<u>311</u>
<u>Hagnaður (tap)</u>		1.787.922	2.324.133

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	2019	2018
<u>Fastafjármunir</u>		
Hafrastöð	5.572.180	0
Áhöld og búnaður	640.927	0
	<u>6.213.107</u>	<u>0</u>
<u>Veltufjármunir</u>		
Inneign á bankareikningi.....	167.481	794.173
Útistandandi kröfur.....	11.000	2.336.408
	<u>178.481</u>	<u>3.130.581</u>
<u>Eignir samtals</u>	<u>6.391.588</u>	<u>3.130.581</u>
<u>Skuldir og eigið fé</u>	2019	2018
<u>Eigið fé</u>		
Eigið fé.....	3.108.031	799.898
Leiðrétting.....	0	-16.000
Hagnaður / tap ársins.....	1.787.922	2.324.133
	<u>4.895.953</u>	<u>3.108.031</u>
<u>Skammtímaskuldir</u>		
Ýmsar skammtímaskuldir	1.495.635	22.550
	<u>1.495.635</u>	<u>0</u>
		<u>22.550</u>
<u>Skuldir samtals</u>	1.495.635	22.550
<u>Skuldir og eigið fé samtals</u>	<u>6.391.588</u>	<u>3.130.581</u>

Skýringar

<u>1. Rekstrargjöld</u>	2019	2018
Kynningarefni	53.313	0
Skrifstofukostnaður.	0	44.970
Viðurkenningar.	0	190.000
Logo prentun.	35.836	43.400
Heimasíða.....	35.242	23.012
Auglýsingar.....	67.791	47.320
Póstburðargjöld.....	425	0
Sæðingarstöð.....	743.333	30.000
Bankakostnaður.....	17.415	21.978
Samtals:	953.355	400.680